

84

## V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

16. apríl

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 23. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur, nr. 32 21. febrúar 1949.

*Atvinnumálaráðuneytið, 16. apríl 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

85

17. apríl

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Páls Sveinssonar, yfirkennara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. apríl 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Páls Sveinssonar, yfirkennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Páls Sveinssonar, yfirkennara. Hann er eign Menntaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að verðlauna þá nemendur skólans, sem skara fram úr öðrum um þróðmennsku og stundvísi að dómi skólastjórnar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10385.00, sem nemendur Páls Sveinssonar og aðrir vinir sendu skólanum að honum látnum. Gjafafé, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstól, en auk þess fjórðung ársvaxta. Höfuðstól skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða verðbréfum, sem ríkið ábyrgist.

4. gr.

Þrem fjórðu hlutum ársvaxta skal verja til verðlauna. Skólastjórn ákveður í lok hvers skólaárs, hver hljóta skuli verðlaun, og afhendir rektor þau við skólauppsögn. Tvönn verðlaun, að minnsta kosti, skulu veitt fyrst um sinn, en fleiri, þegar sjóðurinn hefur eflzt til muna. Verðlaunum skal fylgja skrautprentað skjal, undirritað af rektor.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Rektor skólans hefur með höndum reikningshald og birtir reikninga í skólaskýrslum. Endurskoðun skal vera með sama hætti sem annarra sjóða undir stjórn rektors.

6. gr.

Sjóðurinn tekur þegar til starfa.